

**158. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
7. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2012179 - Frístundastarf allt lífið

Frístundastarf allt lífið, sameiginlegt mál skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Eygló Rúnarsdóttir aðjunkt og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor á Menntavísindasviði, deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda mæta á fundinn og kynna faglegar áherslur í frístundastarfi fyrir alla aldurshópa.

Skóla- og frístundaráð og velferðar- og mannréttindaráð býður ungmennaráði, öldungaráði, notendaráði, starfsmönnum á sviðunum og fulltrúum í bæjarstjórn að sitja fundinn undir þessu máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.